

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 408/2011

2014/EES/54/65

frá 27. apríl 2011

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1185/2009 um hagskýrslur um varnarefni, að því er varðar afhendingarsnið (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1185/2009 frá 25. nóvember 2009 um hagskýrslur um varnarefni ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 1185/2009 er settur nýr rammi fyrir sambærilega evrópska hagskýrslugerð um sölu og notkun varnarefna.
- 2) Aðildarríki eiga, í samræmi við 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1185/2009, að afhenda hagskýrslugögn á rafrænu formi, í samræmi við viðeigandi tæknisnið sem framkvæmdastjórnin samþykkir.
- 3) Til að tryggja trúnað verður merki til upplýsingar um hvort afhentar upplýsingar um efnið, íðefnaflokk, vöruflokk eða yfirflokk eru veittar í trúnaði eða ekki, hluti af afhendingarskránni.

- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríki skulu afhenda hagskýrslugögnin um setningu varnarefna á markað, eins og lýst er í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1185/2009, og nota til þess SDMX-skiptasnið fyrir hagskýrslugögn og lýsigögn. Afhenda skal þessi gögn eða uppfæra þau með rafrænum hætti á miðlægum gagnagrunni hjá Hagstofu Evrópusambandsins.

Aðildarríki skulu afhenda umbeðin gögn sem staðfesta tækniforskriftina sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) kveður á um.

2. gr.

Tæknilegu sniði gagnasendinga til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) er lýst í viðaukanum.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. apríl 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 108, 28.4.2011, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, bítur birtingar.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 324, 10.12.2009, bls. 1.

VIÐAUKI

Afhendingarsnið hagskýrslugagna um markaðssetningu varnarefna

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í afhendingarskránni:

Númer	Reitur	Athugasemdir
1	Land	Þriggja stafa tákni (t.d. FRA)
2	Ár	t.d. 2010
3	Yfirflokkur	Tákni, sem skráð eru í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1185/2009, samkvæmt nýjustu uppfærslu
4	Vöruflokkur	
5	Íðefnaflokkur	
6	Efni	
7	Fyrir reitanúmer 3, 4, 5 og 6, selt magn	Gefið upp í kílógrömmum efna
8	Fyrir reitanúmer 3, 4, 5 og 6, trúnaðarmerkið	Já/nei